

55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu, um afgreiðslu pósts í Húnavatnssýslu.

1868.
7. septbr.

Í bréfi dagsettu 17. aprílmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, skýrt frá, að þér hafið veitt Ólafi dannebrogsmanni Jóns-syni, eptir beiðni hans, lausn frá sýslan þeirri, er honum hefir verið á hendur falin, sem póstaafgreiðslumanni í Húnavatnssýslu, og að þér hafið skipað Björn Skaptason á Hnausum til að taka þenna starfa að sér. Þar að auki hafið þér beiðzt samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér hafið lofað tæðum Birni Skaptasyni vegna harðærisins, sem nú gengur, 10 rd. þóknun á ári fyrir starfa hans í þessu efni.

Útaf þessu skal yður kunngjört til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það, að stjórnarráðinu finnst ekki næg ástæða til að veita hinum nýja póstaafgreiðslumanni hærri þóknun fyrir þessa sýslun en formaður hans fékk, það er að segja 6 rd. á ári, og hefir landfógetanum verið skrifað í dag um, að borga honum þessa upphæð úr jarðabókarsjóðnum.

56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um fjárveitingu til að afstýra hallæri.

16. septbr.

Í bréfi dagsettu 10. f. m. með fylgiskjöllum hafið þér, herra amtmaður, skýrt frá um bjargarskort þann, er víða á sér stað á Vesturlandi, og hafið þér sérílagi tekið fram, að í 4 hreppum í Snæfellsnessýslu, það er Staðarsveit, Breiðuvíkurbrepp, Neshrepp innan Ennis og Neshrepp utan Ennis, þar sem fátæktin einlæggt hefir verið að fara í vöxt sökum fiskileysis hvert árið eptir annað, hafi menn, vegna þess að í vetur og í vor er var fiskaðist enn þá verr en að jafnaði, saltfiskurinn var í svo litlu verði og kornmaturinn svo dýr, átt ennþá erfiðara en undanfarin ár með að fá sér nægan forða af matvælum fyrir veturinn, sem í hönd fer,